

Skólaráðsfundur nr.1 2020-2021

Dagsetning 19. nóvember 2020 kl. 18:30

Viðstaddir: Sesselja Kristinsdóttir, Berglind Axelsdóttir, Sigfús Magnússon, Ragnheiður Harpa Sveinsdóttir, Bjarni Þormar, Oliwia Aleksandra Lukasik, Amanda Bríet Bergþórsdóttir, Klaudia Gunnarsdóttir, Helga Guðmundsdóttir og Friðjón Ingi

Dagskrá:

1. Nýtt skólaráð - hlutverk
 - a. Nýtt skólaráð boðið velkomið og farið yfir hlutverk þess og farið yfir handbók um skólaráð. Einhver óvissa var um hvað það er sem fulltrúar eiga að gera eða hvort þetta séu upplýsingafundir. Berglind fór í gegnum það að þetta séu upplýsingafundir en fulltrúar ráðsins gætu óskað eftir skýringum, athugasemdum og gætu lagt til breytingar.
2. Upphaf skólastarfs í vetur
 - a. Berglind fór yfir skólabyrjun og nýjar ráðningar í stöður fyrir skólaárið 2020-2021. Rædd var sú röskun sem hefur átt sér stað varðandi Covid 19 og þau áhrif sem það hefur haft á skólastarf. Skólastarf hefur gengið vel að mati fulltrúa starfsmanna.
3. Starfsáætlun
 - a. Farið var yfir starfsáætlun og hún kynnt fyrir ráðinu. Rætt um áætlunina en hana er hægt er að sjá á heimasíðu skólans. Umræða varð um starfsáætlunina og Covid 19, hvað verður um hana við þær tilfæringar. Berglind upplýsti ráðið að skólinn ynni eftir áætluninni en ef hún raskast vegna Covid það þá er tekið þá því þegar þess þarf.
4. Árskýrsla síðasta skólaárs kynnt. Hægt er að lesa hana á eftirfarandi krækju: <https://grunnskoli.stykkisholmur.is/skolinn/stefnur-og-aaetlanir/arsskyrslur-gss/>
5. Fjárhagsáætlun/framkvæmdaáætlun



- a.** Farið yfir framkvæmdir og kaup á leiktækjum. Sagt frá því að til standi að endurnýja salerni nemenda á báðum hæðum skólans. Þá munu framkvæmdir á skólalóð halda áfram næsta sumar.
 - b.** Skólaráði skoðaði hvað var á áætlun og rætt var um stærð skólans og vöntun á ýmsum rýmum þar.
 6. Önnur mál
 - a.** Fleira ekki rætt

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:30